



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnu
InformNorden
Return on Investment
1. september 2005**

Virðulegu ráðstefnugestir

Almenningssamgöngur gegna margvíslegu hlutverki í samfélagi okkar. Þær gera fólki kleift að komast leiðar sinnar, til og frá vinnu, í heimsókn til ættingja og vina, á fundi og mannfagnaði. Þær eru grundvallarþáttur í skipulagi borga og bæja, tengja saman hverfin og auðvelda samskipti við nágrannabyggðir; í vaxandi mæli eru þær ávísun á efnahagslega hagkvæmni og einnig viðnám gegn hættu á hlýnun jarðar, loftslagsbreytingum sem gætu á þessari öld umturnað lífsháttum okkar og fært í kaf fjölda borga víða um heim.

En almenningssamgöngur veita okkur líka tækifæri til að skoða mannlífið í nýju ljósi, njóta fjölbreytninnar sem þar er að finna, sjá í hnotskurn hvernig ungir og aldnir koma saman í daglegri önn.

Þegar ég var við nám í Bretlandi fyrir nokkrum áratugum veitti fátt mér meiri skemmtun en að skoða fólkið sem ferðaðist með strætisvögnum og enn eru mér í fersku minni áhrifin af fyrstu ferðinni með neðanjarðarlestum Lundúnaborgar. Sú iðandi veröld sem þar birtist var sláandi kynning á því sem heimsborgin hafði að bjóða.

Um árabíl þegar ég sat á Alþingi Íslendinga tók ég alltaf strætó á þingfundi og aftur heim og það var á margan hátt afar gagnlegt. Margir gáfu sig á tal við mig í vagninum eða þegar við biðum á stoppistöð og ég fékk þannig á greiðan hátt tilfinningu fyrir hvað klukkan sló, hvernig skoðanir skiptust í helstu málum.

Það var jafnvel sagt um merkan þingmann hér í Reykjavík á fyrri árum, þingmann sem ætíð fór með strætó og aldrei tók bílpróf, að hann kæmi iðulega upptendraður á flokksfundi eða í Alþingishúsið og tilkynnti ráðherrum og öðrum þingmönnum sem þar voru að nú yrði að afgreiða

mál með tilteknum hætti, skoðanir almennings væru ljósar. Þetta var nokkru áður en skoðanakannanir komust í tísku og þegar spurt var: Og hvernig veistu þetta? – Þá var svarið: Jú, ég hitti mann í strætó!

Við gætum jafnvel hér í dag leitt hugann að því hvernig stjórnarfríð væri á okkar tímum ef enn væru menn í áhrifastöðum sem tækju púlsinn á þennan hátt.

Já, almenningsvagninn getur verið áhrifaríkur og gegnt margvíslegu hlutverki í lífi fólksins. Föðursystir mín góð sem náði háum aldri, varð nærri 100 ára, fór árum saman á hverjum degi langa ferð með strætó – ekki vegna þess að hún ætti erindi í bæinn, heldur bara til að sýna sig og sjá aðra, sat í vagninum allan tímann, skoðaði framfarir í nýjum hverfum borgarinnar, ræddi við aðra sem voru á ferð – og ætíð var hún full af fréttum úr þessum ferðum þegar heim var komið, oft betur upplýst en ég og aðrir í fjölskyldunni og áttu þó sum okkar að heita forystufólk í þjóðmálunum. Sú gamla, þökk sé strætó, var oft betra barómet á hvað væri að gerast.

Ég veit að þið sem stjórníð almenningsgangum víða um lönd hafið hvorki það hlutverk að sjá gömlu fólki fyrir dægradvöl né skemmtiefni eða sjá til þess að kúrsinn á afvegaleiddum stjórnámálönnum sé réttur af með einni góðri strætóferð – en ég nefni þessar reynslusögur hér því að mér finnst stundum gleymast þegar verið er að vega og meta framtíðarstefnu í þessum málum, ræða almenningsgangur í tengslum við gatnagerð, skipulag hverfa, fjárhagsáætlanir, afkomu borga og efnahag – gleymast að almenningsgangur eru líka vettvangur mannlífs og menningar, lífshátta og skoðanastrauma, kannski á sama hátt og torgin voru í Aþenu og Róm til forna, torgin þar sem fólkið kom saman og lýðræðið átti sér rætur, torgin sem eru á vissan hátt kjarni í lýðræðisarfleifð Vesturlanda. Almenningsgangurnar eru á okkar tímum á svipaðan hátt eins konar slagæðar í þjóðfélaginu, eðli þeirra hefur umtalsverð áhrif á lífsstíl okkar, menningu, lýðræði og jafnvel stjórnarfar.

Það er einkar brýnt að hafa allt þetta í huga þegar spurt er um *Return on Investment* svo vitnað sé í heiti ráðstefnunnar, gleyma því ekki að margir grundvallarþættir í framlagi almenningsgangna til samfélagsins verða varla metnir til fjár, frekar en við getum lagt hagnaðarmat á starfsemi stjórnámálaflokka, grunnskóla, háskóla, menninguna, náttúrufegurð, víðáttuna sem við gjarnan njótum í gönguferðum, svo að nefnd séu nokkur dæmi um það sem við teljum órjúfanlegan hluta hins góða lífs, tilverunnar sem við viljum njóta.

Þessi hlutdeild almenningsgangna verður forvitnileg þegar hafðar eru í huga breytingarnar sem upplýsingatæknin er að skapa í

daglegu lífi fólksins, hvernig farsíminn hefur nú opnað nýjar leiðir, er í vaxandi mæli upplýsingaveita, tæki sem fræðir okkur hvar sem við erum um allt milli himins og jarðar, tengir okkur saman á nýjan hátt.

Nú er gerlegt gegnum farsíma að veita öllum borgarbúum jafnt og þétt upplýsingar um hvar strætisvagnarnir eru staddir hverju sinni. Íbúarnir gætu þannig tekið mið af tímanum sem þeir hafa til reiðu, stillt sína daglegu önn og erindisrekstur með tilliti til þess hve langur tími mun líða þar til vagninn kemur á viðkomandi stoppistöð.

Upplýsingatæknin sem nú er til reiðu og framfarirnar sem verða á hverju ári skapa heillandi tækifæri til að tengja íbúana við almenningssamgöngurnar á nýjan hátt, þróa samspil sem fyrir fáeinum árum hefði þótt fjarstæðukennt. Nú er það hins vegar bara spurning um hugmyndaflug þeirra sem ábyrgð bera, dirfsku okkar og nýjungagirni.

Ég hvet ykkur eindregið til að nálgast þessi viðfangsefni með opnum huga og leggja til grundvallar víða sýn, árétta hið margþætta þjóðfélagshlutverk sem almenningssamgöngurnar hafa gegnt og munu enn frekar gegna í framtíðinni en vera jafnframt reiðubúinn til margvíslegra tilrauna sem upplýsingatæknin hefur nú gert mögulegar.

Vissulega skipta fjármunir og fjárfestingar miklu máli, setja getu okkar ákveðnar skorður, en umfram allt snýst þetta samt sem áður um fólkið, um íbúana, snýst um samfélagið og menninguna, lýðræðið sem birtist okkur í daglegri önn, snýst um svarið við spurningunni: Hvað er hið góða líf og hvernig getum við gert fólki kleift að njóta þess á hverjum degi?